

Sp. 68. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]
um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbankanna.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að starfsmat fyrir félag BSRB og starfsfólk ríkisbankanna verði endurskoðað í samvinnu við samtök þeirra.

Skal sérstaklega kannað, hvort launamisrétti eigi sér stað milli karla og kvenna við sömu störf svo og hvort ábyrgðarstörf, sem konur gegna sérstaklega, séu metin til lægri launa en sambærileg störf karla.

Greinargerð.

Við athugun á félagaskrá og launum Starfsmannafélags ríkisstofnana í nóvember 1980 kom eftirfarandi í ljós:

Félagar voru alls 4185, þar af voru konur 2447 eða 58.47%, en karlar 1738 eða 41.52%. Alls voru starfsheiti 290, og segir sig sjálft hversu heppilegt er að þau séu svo mörg.

Skipting félagsmanna Starfsmannafélags ríkisstofnana í launaflokka var í nóvember 1980 eins og hér segir:

Launaflokkur:	Karlar:	Konur:	Samtals:	%
1.—4.	12	30	42	1,09
5.—10.	522	1476	1998	51,79
11.—15.	645	660	1305	33,83
16.—20.	327	128	455	11,79
21.—25.	25	14	39	1,00
26.	19	0	19	0,50

Ótilgreint + lífeyrisþegar 327.

Félagsmenn skiptust þannig eftir starfsgreinum:

Skrifstofumenn	38.26%
Sérhæfðir aðstoðarmenn	5.14%
Rannsóknarmenn	3.87%
Starfsmenn heilbrigðisstofnana	18.70%
Tæknimenn	30.30%
Lífeyrisþegar	3.73%

Í launaflokkunum á bilinu 5.—10. fl. eru konur 1476, en karlar aðeins 522 eða nær þrisvar sinnum færri. Þar fyrir neðan eru sárafáir starfsmenn og munur lítill eftir kynjum. Í 11.—15. fl. er hlutfallið nokkuð jafnt, eða 645 karlar og 660 konur. En þegar launaflokkar fara yfir 16. fl. breytist hlutfallið á ný. Í 16.—20. fl. eru 128 konur og 327 karlar, og þegar komið er að 26. fl. er þar engin kona en 19 karlar.

Ef litið er á ástandið hjá starfsmönnum ríkisbankanna kemur eftirfarandi í ljós (upplýsingar frá 1. jan. 1981):

Launaflokkur:	Karlar:	Konur:	Samtals:
1.	0	0	0
2.	0	1	1
3.	0	6	6
4.	10	53	63
5.	36	133	169
6.	41	215	256
7.	119	476	595
8.	77	358	435
9.	107	171	278
10.	138	46	184
11.	132	28	160
12.	134	6	140

Starfsgreinar eru að því er bankamenn varðar miklu færri og þar vinna menn afar svipuð störf. Hlýtur því að vekja athygli og forvitni hverju það sæti, að launamunur karla og kvenna skuli vera svo mikill.

Kjararannsóknarnefnd gerði úrtakskönnun á launakjörum karla og kvenna innan ASÍ á 1. ársfjórðungi 1981. Eftirfarandi kom í ljós:

Verkamenn á höfuðborgarsvæði höfðu í mánaðarlaun	4856 kr.
Verkakonur á höfuðborgarsvæði höfðu í mánaðarlaun	4210 kr.

Sams konar könnun var gerð á launum karla og kvenna innan Verslunarmannafélags Reykjavíkur og leiddi hún eftirfarandi í ljós:

Karlar á höfuðborgarsvæði höfðu í mánaðarlaun	6408 kr.
Konur á höfuðborgarsvæði höfðu í mánaðarlaun	4858 kr.

Tekið er fram að hér sé talað um hreinan kauplið samkv. taxa, yfirborganir og álagsgreiðslur og kaupauka, svo sem almenna ferða-, fæðis-, fata- og verkfærapeninga.

Ekki er reiknað með aukagreiðslum vegna afbrigðilegra vinnuskilyrða eða vinnustöðvar, orlofsgreiðslum, eftirvinnu-, næturvinnu-, bónusar- eða premíugreiðslum.

En þessar tölur sýna allar verulegan launamun, hvert sem lítið er.

Með samkomulagi BSRB og fjármálaráðherra snemma árs 1967 var hafinn undirbúningur að starfsmatskerfi fyrir opinbera starfsmenn. Megintilgangur var að finna leið til þess, að sömu laun yrðu greidd öllum þeim, sem ynnu sömu eða sambærileg störf, í stað þess að yfirmenn gætu ákveðið mönnum laun eftir eigin mati á verðleikum starfsmanna, enda slíkt mat talið hæpið í meira lagi. Ágæti starfsmanna skyldi vera ráðningarmál, en ekki launamál.

Mikil vinna var lögð fram við gerð starfsmatsins og voru þessir þættir lagðir til viðmiðunar:

1. Menntun	23,8%
2. Starfsþjálfun	15,8%
3. Sjálfstæði og frumkvæði	17,8%
4. Tengsl við aðra	5,9%
5. Ábyrgð	24,8%
6. Áreynsla	9,9%
7. Vinnuskilyrði	2,0%

Margvíslegir örðugleikar komu þegar fram við framkvæmd röðunar í launaflokka sem tæplega yrðu sömu vandræði nú. Má þar t. d. nefna menntunarpáttinn, sem ekki er eins ólíkur og þá var, og hann fer auðvitað minnkandi í störfum sem krefjast ákveðinnar menntunar. Margir höfðu því horn í síðu starfsmatsins, og óhætt er að segja, að eftir því hefur ekki verið farið sem skyldi. Víða hefur verið farið fram hjá því markmiði, sem starfsmatið upphaflega hafði, þ. e. að tryggja sömu laun fyrir sömu störf. Yfirmönnum hefur verið leikur einn að sniðganga matið með því að breyta um starfsheiti til þess að lyfta launum manna, burt séð frá því hvort starfið breyttist að nokkru. Óumdeilt er að oftast nutu karlmenn þessara hækkana vegna langlífra hugmynda manna um fyrirvinnuhlutverk þeirra. Það er því ljóst að starfsmatið hefur engan veginn náð tilgangi sínum gagnvart öllum launþegum. Þar sem skilgreindir menntunar er krafist er launaflokkaröðun auðveldari og launamunur minni. Enginn vafi er á, að félagar Starfsmannafélags ríkisstofnana og starfsfólk ríkisbankanna á þarna erfiðast uppdráttar eins og töflurnar hér að ofan sýna.

Nauðsynlegt er því að láta ekki þar við sitja að raða stöðum í flokka. Kanna þarf einnig störf manna á vinnustöðunum og ganga úr skugga um, hverjir vinna sambærileg störf. Ljóst er að starfsmat, sem gert var fyrir rúmum áratug, er löngu úrelt vegna breyttra atvinnuhátta, aukinnar vélvæðingar við skrifstofustörf og önnur störf, t. d. aukinnar tölvunotkunar, sem ekki hafði rutt sér til rúms í svo ríkum mæli þá sem nú. Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu, að fjölmörg störf séu nú launuð eftir alröngu starfsmati.

Þá er einnig ljóst að ábyrgðarstörf af ýmsu tagi, sem konur gegna að mestu eða eingöngu enn sem komið er, eru metin langtum lægra en jafnvel ábyrgðarminni störf sem karlar gegna að mestu. Nægir t. d. að nefna störf forstöðumanna dagvistarheimila, sem bera ábyrgð á allt að 70—100 smábörnum dag hvern sem foreldrar eru við störf. Þessar konur

hafa laun sem eru mörgum launaflokkum lægri en laun fulltrúa á skrifstofum sem margir hverjir hafa litla sem enga ábyrgð. Sömu sögu er að segja um fjölmörg störf sem eru tiltölulega ný af nálinni hér á landi, svo sem félagsráðgjöf, meinatækni, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og önnur slík, sem krefjast umtalsverðs náms og nákvæmni.

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur nýlega ályktað um þörfina fyrir nýtt starfsmat. Öllum er þeim ljóst að röng starfsheiti ráða miklu um launamisrétti, ekki síst milli karla og kvenna við sambærileg störf. Launþegar una ekki lengur þessu misrétti sem vafalítið á ómældan þátt í erfiðleikum við kjarasamninga. Konur una því heldur ekki lengur að vinna mestallt hið raunverulega starf fyrir langtum lægri laun en svokallaðir yfirmenn, sem augljóslega leggja fram miklu minni vinnu. Oft á tíðum hafa þessar sömu láglaunakonur verið kennarar hins nýja yfirmanns á skrifstofunum. Hygg ég að margar konur kannist við það. Þá er löngu kominn tími til að hreinsa til í launaflokkum ríkisins og kanna hvaða starfsmenn eru raunverulega nauðsynlegir á vinnustað — og þó fyrir hefði verið. Samviskusamir starfsmenn ríkisins eiga betra skilið en áróður almennings um að þeir sinni ekki starfi sínu í þágu hans vegna fárra manna, sem aldrei leggja fram neina vinnu.

Í þeirri sjálfheldu sem launamál í landinu eru væri með samþykkt þessarar tillögu unnið mikilsvert framlag til leiðréttingar þess launamisréttis sem nú viðgengst og torveldar alla skynsamlega umræðu um launamál.